

# EFTIRLITSSKÝRSLA

## Malbikunarstöð Akureyrar Akureyri



<b>Dags eftirlits</b>	26.4.2018	<b>Ábyrgðarmaður eftirlits</b>	Sverrir Aðalsteinn Jónsson
<b>Fyrirtæki</b>	Malbikunarstöð Akureyrar	<b>Eftirlitsmaður</b>	Guðbjörg Stella Árnadóttir
<b>Heimili</b>	v/ Súluveg (Miðhúsavegi)	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið
<b>Kennitala</b>	4101696229	<b>Flokkur</b>	Malbik
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Jónas Vígfússon	<b>ÍSAT nr.</b>	26.82.9
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Jón Hansen, Árni Músson og Erling Tom Erlingsson	<b>Staðsetning</b>	539861,247 575194,992

### NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Tvö frávik komu fram við eftirlitið er varða rykmagn og magn kolmónoxíðs í útblæstri og að akstursleiðir eru ekki lagði bundnu slitlagi. Engin ábending var gerð í eftirlitinu.

### UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir útstandandi frávik frá síðasta eftirliti. Í síðasta eftirliti kom fram frávik er varðaði hraða útblásturslofts og að daggeymir við stöð hafði ekki verið þykktarmældur. Rekstraraðilar höfðu sent Umhverfisstofnun bréf þann 12. mars sl. með niðurstöðum mælinga á útblásturshraða þar sem fram kom að tilskyldum hraða hafði verið náð. Frá síðasta eftirliti hefur ný reglugerð um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi, 884/2017 tekið gildi. Með þeirri gildistöku féll út krafan um þykktarmælingar á bikgeymum. Hefur því báðum þessum frávikum verið lokað.

Engar kvartanir hafa borist vegna stöðvarinnar frá síðasta eftirliti.

Í síðasta eftirliti kom fram ábending um að bæta þyrfti við malbikuð plön á akstursleið og tengja afföll við olíuskilju þar sem olíubrák átti greiða leið niður í mölina. Ekki hefur verið brugðist við þessari ábendingu. Samkvæmt gr. 2.3 í starfsleyfi skulu akstursleiðir vera lagðar bundnu slitlagi.

Farið var yfir skráningar samkvæmt 4. kafla í starfsleyfi og voru þær fullnægjandi. Mæling á olíu í frárennsli hefur ekki farið fram og grænu bókhaldi hafði ekki verið skilað þegar eftirlitið fór fram enda tími til stefnu að ljúka hvoru tveggja.

Á svæði fyrirtækisins er hráolíugeymir frá N1 innan lekaþróar, starfsmenn Malbikunarstöðvarinnar voru ekki vissir um hvort hann hafi verið þykktarmældur en ætluðu að hafa samband við eiganda geymisins og fá upplýsingar um það.

Samkvæmt gr. 4.3 í starfsleyfi á árlega að gera mælingar á útblæstri frá malbikunarstöðinni og skulu þær uppfylla skilyrði greinar 3.8 um losun mengunarefna. Í fyrr nefndu bréfi frá rekstraraðila frá 12. mars sl. kom fram að losun á heildarryki var 199,7 mg/Nm<sup>3</sup> en losunarmörk í starfsleyfi eru 50 mg/Nm<sup>3</sup> og magn kolmónoxíðs var 1.190 mg/Nm<sup>3</sup> en losunarmörk í starfsleyfi eru 500 mg/Nm<sup>3</sup>.

Frávik frá	Lýsing á frávikum
Grein 3.8 um losun mengunarefna	Í bréfi frá rekstraraðila frá 12. mars 2018 kom fram að losun á heildarryki var 199,7mg/Nm <sup>3</sup> en losunarmörk í starfsleyfi eru 50 mg/Nm <sup>3</sup> og magn kolmónoxíðs var 1.190 mg/Nm <sup>3</sup> en losunarmörk í starfsleyfi eru 500 mg/Nm <sup>3</sup> .
Grein 2.3 um verkstjórn og takmörkun aðgangs	Samkvæmt gr. 2.3 í starfsleyfi skulu akstursleiðir vera lagðar bundnu slitlagi.

### ATHUGASEMDIR

Engar ábendingar voru gerðar í eftirlitinu.

### ANNAÐ

Bent var á í eftirliti að viðbragsáætlun til að hefta ryk við óhagstæð veðurskilyrði væri komin til ára sinna og þarfnaðist uppfærslu.

- 1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 25.05.2018



---

Sverrir Aðalsteinn Jónsson